

Nð.

95. Breytingartillaga

við frv. til fátækralaga.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson.

Við 36. gr. Greinin orðist svo:

Ekki má sveitarstjórn skilja hjón samvistum, þótt þurfamenn sjeu, nema með skriflegu leyfi þeirra sjálfra, nje taka börn yngri en 16 ára frá foreldrunum, nema með skriflegu leyfi foreldranna. Þó þarf sveitarstjórn ekki slíkt leyfi til að taka börn frá foreldrum, ef heimilislíf foreldranna má teljast siðspillandi fyrir börnin eða foreldrarnir hafa farið illa með þau.

Sveitarstjórn skal kosta kapps um að koma munaðarlausum sveitarbörnum fyrir á góðum heimilum hjá vönduðum og ráðdeildarsömum húsbændum.